

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. 78/2023.

Reykjavík, 9. maí 2023

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um áform stjórnvalda að slíta IL-sjóði með lögum

Stjórnvöld hafa birt til umsagnar áformaskjal þar sem lýst er fyrirætlan stjórnvalda að slíta IL-sjóði og ganga til uppgjörs við eigendur skuldabréfa IL-sjóðs með sérstökum lögum. Það sem vekur mikla undrun og áhyggjur er að áform stjórnvalda ganga út á það að greiða ekki fullt verð til eigenda íbúðabréfa. Áformin eru á þá leið að láta eigendur bréfanna sem eru að stærstum hluta lífeyrissjóðir fá nokkrar greiðslur en ekki fullar efndir. Slík áform ganga ekki upp samkvæmt íslenskum grundvallarreglum enda eru skuldabréfin kröfuréttarleg eign sem nýtur verndar skv. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskráinnar og 1. gr. 1. viðauka við Mannrétindasáttmála Evrópu.

Gangi áform stjórnvalda eftir verður ríkissjóður samhliða bótaskyldur enda eru engar þær aðstæður fyrir hendi s.s. „almenningsþörf“ eða neyðarréttarsjónarmið sem heimilað gætu ríkissjóði inngríp af þessum toga án greiðslu fullra bóta til eigenda íbúðabréfanna.

Hér er ekki ætlunin að fara löngu máli um þá raunasögu sem má rekja til ársins 2004 þegar íbúðaláanasjóður sótti sér fjármagn á markaði með útboði íbúðabréfa. Þrír flokkar standa eftir af útboðinu; HFF150224, Hff150434 og HFF150644 með gjalddaga 2024, 2034 og 2044. Samkvæmt skilmálum eru bréfin verðtryggð með föstum 3,75% vöxtum út líftíma sinn.

Íbúðaláanasjóður notaði fjármagnið til að veita lán til íbúðakaupa en þau lán mátti greiða upp hvenær sem skuldara hugnaðist. Tók ríkissjóður því á sig mikla áhættu sem mönnum var þó fullljós allt frá upphafi og hefur sú áhætta raungerst. Samhliða því að vaxtastig íbúðalána lækkaði greiddu skuldarar lán sín upp í unnvörpum og situr IL-sjóður uppi með fjármagn sem hefur verið ávaxtað á lægri vöxtum en þær skuldbindingar sem á sjóðnum hvíla. Allir geta verið sammála um að vandinn er mikill en ríkissjóður ákvað skilmála bréfanna og er í ábyrgð fyrir fullum efndum. Það er meginregla í íslenskum rétti að samningar skulu standa, Pacta sunt servanda.

IL-sjóður varð til með uppskiptingu Íbúðaláanasjóðs í árslok 2019, sbr. lög nr. 151/2019. Eignir og skuldbindingar Íbúðaláanasjóðs urðu eftir í IL-sjóði. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (gþl.) er kveðið á um að opinberar stofnanir eins og IL-sjóður verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta. Áform stjórnvalda eru nú að fara inn í gerða samninga og setja lög með það að markmiði að ekki falli á ríkissjóð frekari skuldbindingar. Er einföld ábyrgð útlistuð á villandi og rangan hátt og því haldið fram að með því að slíta sjóðnum verði ríkissjóður aðeins að tryggja endurgreiðslur á höfuðstól skulda, auk áfallinna vaxta og verðbóta til uppgjörsdags. Gangi áform stjórnvalda eftir og IL-sjóði slitið með lögum felur það í sér brot á gerðum samningi. Ríkissjóður yrði eftir sem áður í ábyrgð fyrir eftirstæðum vöxtum. Eigendur bréfanna eiga að verða fjárhagslega eins settir og ef bréfin hefðu verið greidd á gjalddögum út líftíma sinn.

Fjölda lögfræðilegra álitsgerða hefur verið aflað frá því að áform stjórnvalda voru fyrst kynnt undir lok október sl. Samkvæmt þeim má fullyrða að það sé engum vafa undirorpíð að setji Alþingi lög sem leiði til uppgjörs sem ekki felur í sér fullar efndir baki ríkið sér skaðabótaskyldu vegna vanefnda og þurfi að bæta eigendum bréfanna það tjón. Hin einfalda ábyrgð ríkissjóðs tekur enda til allra skuldbindinga IL-sjóðs (þatabús IL-sjóðs) og er þar með talin sú skylda að bæta eigendum íbúðabréfa þá skerðingu sem gjalfelling krafna þeirra hefur í för með sér vegna uppgreiðslu fyrir umsamda gjalddaga. Fjárfest var í íbúðabréfum á þeim forsendum að ekki kæmi til gjalfellingar á lánstímanum og að íslenska ríkið væri í ábyrgð út líftíma krafnanna. Réttur til verðbóta og vaxta til framtíðar með ábyrgð ríkisins er eign sem hefur verðgildi á markaði. Áform íslenska ríkisins virðist felast í því að rýra þessa eign með sérstakri löggjöf ríkinu til hagsbóta en eigendum íbúðabréfanna að sama skapi til tjóns.

Óumdeilt er að ríkið er í ábyrgð krafnanna en því er haldið fram, af fjármála- og efnahagráðherra, að með slitum megi rýra virði krafna eigenda bréfanna með því að láta þau gjaldfalla og spara með þeim hætti ríkissjóði til framtíðar vaxtamuninn á 3,75% vöxtum og ríkjandi markaðsvöxtum. Þessi nálgun fer í berhögg við stjórnarskrárvarinn eignarrétt og því verður skuldbinding ríkissjóðs ekki takmörkuð á kostnað eigenda með lagasetningu án þess að fullar bætur komi fyrir.

Lífeyrissjóðir bera ríkar skyldur og ber þeim í hvívetna að gæta hagsmunu sinna sjóðfélaga. Umboðsskyldan er afar rík. Því er nokkuð ljóst að ef áform ríkisins um slit IL-sjóðs og uppgjör sem ekki felur í sér fullar efndir/bætur mun leiða til þess að eigendur íbúðabréfa verða knúnir til að bera málín undir dómsþóla og krefjast fullra bóta. Þannig má fullyrða að eignir sjóðfélaga verði ekki rýrðar með almennum lögum án þess að fullar bætur komi til. Virðist sem í áformaskjalinu sé aðeins litið til þess möguleika að ríkissjóður kunni að verða bótaskyldur vegna framtíðarvaxta og jafnvel komi til greina að skilgreina það í lögum hvernig staðið yrði að mati á bótakröfum. Slík lagaákvæði koma ríkissjóði hins vegar ekki undan því að greiða fullar efndir/bætur. Hætt er við því að málín muni dragast á langinn og hafa þau afleiddu áhrif að auka á kostnað ríkisins og draga úr trúverðugleika á fjárfestingarumhverfi landsins.

Þau áform ríkisins að ætla að beita löggjafarvaldinu til að losna undan gerðum samningum eru til þess fallin að draga úr trúverðugleika íslenska ríkisins sem viðsemjanda. Verður án nokkurs vafa litið til þessara döpru tilþrifa ríkisins sem viðsemjanda við framtíðarverkefni sem leitað er langtímafjármögnumnar á. Einnig er hætt við að lánshæfi íslenska ríkisins geti beðið hnekk og hafa fulltrúar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) m.a. átt fundi með fulltrúum lífeyrissjóða þar sem mikið hefur verið spurt út í málíð. Þannig komu fulltrúar AGS hingað til lands vegna yfirstandandi FSAP (e. The Financial Sector Assessment Program) úttektar á íslenska fjármálakerfinu í nóvember sl. og aftur í mars sl. og kom skýrt fram í samtölum þeirra að fulltrúar AGS höfðu kynnt sér málíð mjög vel og spurðu þráfaldlega út í stöðu málsins og líklegar lyktir að mati fulltrúa sjóðanna.

Ekki skal gert lítið úr vanda IL-sjóðs og er því mikilvægt að fjármála- og efnahagsráðuneytið tefli fram raunhæfri áætlun um það hvernig staðið verði við gerða samninga og uppgjör skuldbindinga sem á ríkinu hvíla. Áform ríkisins verða að byggjast á því að fullt verð skuli greitt til eigenda bréfanna enda voru þau keypt í góðri trú um að þau fengju að lifa út sinn líftíma og

þegar í upphafi verðlogð sem slík. **Það er grundvallarforsenda þess að unnt verði að finna málinu viðunandi lausn að ríkið viðurkenni þá skuldbindingu sem það er í ábyrgð fyrir.**

Er það enn von Landssamtaka lífeyrissjóða að áform stjórvalda um að velta þeim fjárhagsvanda IL-sjóðs yfir á eigendur bréfanna sem eru að stærstum hluta lífeyrissjóðir verði ekki að veruleika og að þessi áform verði dregin til baka. Áhættan, sem kunn var þegar árið 2004, hefur raungerst og er það ríkissjóði ekki til sóma, svo vægt sé til orða tekið, að leggja upp í vegferð þar sem áformað er að viðsemjendur ríkisins beri tjón af þeim mistökum sem gerð voru þrátt fyrir háværar viðvaranir þess tíma. Fyrirhuguð löggjöf sem ekki stenst kröfur stjórnarskrár mun ef af verður óhjákvæmilega leiða til bótaskyldu íslenska ríkisins gagnvart eigendum íbúðabréfanna. Eins og fyrr greinir er það grundvallar forsenda samninga við eigendur bréfanna að ríkið gangist við skuldbindingu sinni. Á þeim grunni væri unnt að hefja viðræður með það að markmiði að leiða málið til lykta landi og þjóð til heilla.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri